

Jafnréttiskönnun í leikskólum Kópavogs



Maí 2008

Sigríður Síta Pétursdóttir,
leikskólaráðgjafi tók saman

Efnisyfirlit

Myndir og upplýsingar á veggjum	1
Bækur og texti	1
Skipulagning húsnæðis og dagsins	1
Samskipti og framkoma við börn	1
Foreldrasamstarf	2
Annað	2
Samantekt á niðurstöðum	3
Fylgiskjal 1	4
Jafnréttisstefna leikskóla Kópavogs	4
Fylgiskjal 2	6
Gátlisti fyrir leikskólakennara vegna jafnréttis í leikskólum.	6

Myndir og upplýsingar á veggjum

Verkjum drengja og stúlkna virðist vera gert jafn hátt undir höfði og fá sama rými á veggjum leikskólanna. Það mætti þó oftar taka myndir af t.d. kubbabyggingum og fleiri verkum, þar sem strákar eru virkir í sköpun.

Engin leikskóli telur að á veggjum þeirra finnist myndir með stöðluðum kynímyndum af fullorðnu fólk, þar sé yfirleitt ekki að finna myndir af fullorðnu fólk. Á þorranum eru þó hengdar upp myndir af fullorðnu fólk við ýmis störf og þær myndir sýna oft konur og karla í stöðluðum hlutverkum. Einnig kom fram að myndir sem notaðar eru með *tákn með tali* eru flestar af stúlkum, send hefur verið áminning til höfunda vefsins þess efnis.

Bækur og texti

Í leikskólunum er lögð áhersla á að lesa fjölbreyttar bækur fyrir börnin, bæði ævintýri þar sem er að finna staðlaðar kynímyndir og svo nýrri bækur og sögur þar sem reynt er að gæta jafnvægis. Í niðurstöðum tveggja leikskóla kom fram að reynt er að bregðast við stöðluðum ímyndum með því að skapa umræður um kynjahlutverk og breytt hlutverk. Það kom jafnframt fram að kennarar telja sér ekki heimilt að breyta texta annara. Flestir þátttakendur telja gömlu ævintýrin og sögurnar vera hluta af menningunni og eigi rétt á sér sem slíkar. Jafnframt kom það fram að þó sumir jólalagatextar væru gamaldags hvað varðar jafnréttismál þá tilheyrðu þeir, en hins vegar væri komin tími á að fá nýja texta.

Í einum leikskóla er til listi yfir bækur með atriðum er varða jafnrétti og varnir gegn einelti, þessi listi er notaður þegar valið er lesefni fyrir börnin.

Í flestum leikskólunum telur fólk sig vera meðvitað um að lesa texta fyrir börnin þar sem gætt er jafnræðis milli kynja og þar sem fjallað er um vináttu stúlkna og drengja. Einnig telja nær allir að þeir velji bækur þar sem gefin er jákvæð mynd af kynjunum.

Skipulagning húsnæðis og dagsins

Í öllum leikskólunum er þess gætt að skapa tækifæri fyrir stráka og stelpur til að leika saman og skapa vináttutengsl. Leikfangakostur flestra leikskólanna á að höfða jafnt til beggja kynja, að mati flestra, þó kom fram að leikfangakosturinn sem stendur öllum tilboða mætti stundum höfða meira til stúlkna en drengja.

Samskipti og framkoma við börn

Í niðurstöðum flestra leikskólanna kom fram að starfsfólk telur sig koma eins fram við stráka og stelpur, það væri einstaklingsbundið fremur en kynjabundið ef um einhvern mun væri að ræða. Börn eru ýmist ávörpuð sem hópur eða einstaklingar með nafni, engin taldi að strákar væru ávarpaðir frekar en stúlkur með nafni.

Í öllum leikskólunum telur fólk sig hvetja börn af báðum kynjum til þátttöku í mjúkum og hörðum leikjum og verkefnum. Einnig kom það fram að mjúk verkefni væru oft meira ríkjandi hjá stúlkum en drengjum, þeirra leikir [drengjanna] væru hins vegar oft hávaðasamari.

Allir telja að bæði kynin séu hvött jafnt til snyrtimennsku og tiltektar og að stuðlað sé að því að börnin, óháð kyni, temji sér hjálpsemi, en séu ekki undir hælnum á öðrum. Það kom fram hjá öllum að reynt er að sporna gegn yfirgangsemi og hlédrægni án tillits til kyns, enda séu þetta ekki kynbundnar tilhneigingar, að mati þeirra sem þátt tóku. Í einu leikskóla kom fram að það væri munur á því hvernig tekið væri á þessum þáttum eftir því hvort um væri að ræða stráka eða stelpur.

Athygli er einstaklingsbundin og beinist að því sem hver og einn er að fást við, ekki út frá kyni, um þetta eru flestir sammála. Þó flestir þátttakendur telji að börnin fái svipaða hvatningu óháð kyni, þá eru nokkrir sem telja hvatninguna frekar persónubundna heldur en kynbundna. Hins vegar eru börn almennt virk í umræðum og gerðar eru svipaðar kröfur til beggja kynja að mati þátttakenda. Það má hins vegar gera meira af því að hvetja stelpur til þess að takast á og þá á móti að hvetja drengi til að leika í heimiliskrók.

Nær allir telja sig ekki nota orðalag eða málfar sem niðurlægir eða upphefur annað kynið á kostnað hins. Slíkt geti þó gerst ómeðvitað og því þarf að vera á varðbergi. Í einum leikskólanum telur starfsfólk að orðalagið að “skipta bróðurlega, geti átt við bæði stelpur og stráka og þannig sé það notað í þeim leikskóla.

Foreldrasamstarf

Flestir telja sig meðvitaða um að hringja jafnt í báða foreldra. Einnig kom fram að það fer líka eftir því hvort foreldrið er auðveldara að eiga samskipti við. Þar sem börnin eiga tvö heimili er haft samband við það foreldri sem það er hjá í það skipti. Umræða er um það í einhverjum leikskólum að bjóða foreldrum sem eru ekki í sambúð saman eða í sitt hvoru lagi í viðtal. Einnig hefur verið farin sú leið að bjóða foreldrum að koma í foreldrasamtöl á laugardögum, til að koma til móts við alla.

Allir telja að auglýsingar og upplýsingar frá leikskólanum, höfði jafnt til beggja foreldra og að foreldrar séu hvattir til að taka þátt í foreldraráði, fundum og öðrum uppá komum sem leikskólinn býður upp á. Flestir telja að það hafi færst í aukanna að feður taki þátt í starfi leikskólans. Hins vegar er bent á að mæður eru frekar heima vegna veikra barna.

Annað

Frá einum leikskóla kom fram sú athugasemd að nokkuð hafi borið á því að starfsfólki þættu spurningarnar í þessum könnunum frekar fáránlegar, það sem það væri svo sjálfsagt að koma eins fram við kynin. Stjórnandi þess leikskóla dregur þá ályktun um að þannig sé það yfirleitt, því að allir svöruðu listunum svipað og nánast eins hvort sem um var að ræða unga eða gamla starfsmenn, konur eða karla, leikskólakennara eða leiðbeinendur.

Starfsfólk annars leikskóla taldi punkta gátlistans um samskipti og framkomu við börn frekar gamaldags og úreltan.

Karlmenn eru í minnihluta starfsfólks í leikskólunum. Annað sem bent var á er að kynjahlutfall barna í leikskólum fer eftir hlutfalli á biðlista.

Samantekt á niðurstöðum

Niðurstöður þessarar könnunar virðast fara saman við þær rannsóknir sem gerðar hafa verið á því hvað leikskólakennarar geti gert til að draga úr kynjaaðgreiningu og jafna stöðu drengja og stúlkna.

Samkvæmt því sem kom fram í könnun meðal starfsfólks leikskóla Kópavogs, er verkjum drengja og stúlkna að jafnaði gert jafnhátt undir höfði á veggjum leikskólanna. Þó er bent á að huga mætti að því að gera verk drengja betur sýnileg, t.d. séu drengir oft virkari við kubbabyggingar og þær byggingar megi mynda og hengja upp. Enginn af þeim sem svöruðu í könnuninni telja að á veggjum leikskólanna sé að finna myndir af fullorðnu fólki og því síður myndir af stöðluðum kynímyndum. Nema á þorranum en þá eru hengdar upp myndir, sem sýna fólk í hefðbundnum kynjaskiptum hlutverkum. Í leikskólunum eru notaðar myndir með *tákn með tali*, þær myndir eru flestar af stúlkum, starfsfólk hefur sent athugasemdir til stjórnenda vefsins sem myndirnar eru sóttar á.

Starfsfólk leikskólanna virðist nokkuð meðvitað um að lesa fjölbreyttar bækur, það telur að gamlar sögur þar sem fólk er sýnt í hefðbundnum kynjahlutverkum tilheyri menningunni. Starfsfólk taldi að það hefði ekki leyfi til að breyta texta annarra. Hins vegar segist starfsfólk reyna að skapa umræður meðal barnanna til að bregðast við þeim sögum sem sýna staðlaðar kynjaímyndir í sögum. Einnig var bent á að þótt það tilheyri að syngja gömlu jólalögum, þar sem staðalar kynjaímyndir koma fyrir, þá væri vissulega kominn tími á að fá nýja texta.

Aðeins einn leikskóli hefur útbúið lista yfir bækur þar sem fjallað er um jafnrétti og einelti, þennan lista notar starfsfólk til viðmiðunar þegar valdar eru bækur til að lesa fyrir börnin.

Starfsfólk allra leikskólanna telur að bækur sem lesnar eru fyrir börnin sýni jákvæða mynd af kynjunum.

Starfsfólk telur sig koma eins fram við stráka og stelpur. Flestir telja að brugðist sé við á grunni einstaklingsþarfa og að athygli leikskólakennaranna beinist að einstaklingunum frekar en að það sé bundið við kynin. Hvatt er til þess að kynin leiki sér saman og reynt er að stuðla að vináttutengslum milli drengja og stúlkna í öllum leikskólunum. Í öllum leikskólunum höfðar leikfangakosturinn til beggja kynja, þó kom það fram að leikfangakosturinn sem ætlaður er öllum mætti stundum höfða meira til stúlkna en drengja.

Flestir telja að bæði drengir og stúlkur séu hvött til að taka þátt í mjúkum og hörðum leikjum og verkefnum. En að mjúk verkefni væru oft meira ríkjandi hjá stúlkum og drengjum.

Samkvæmt niðurstöðum þessarar könnunar eru leikskólar Kópavogs að framfylgja jafnréttisstefnu leikskóla Kópavogs.

Fylgiskjal 1

Jafnréttisstefna leikskóla Kópavogs

Markmið: Að stuðla að jafnrétti á sem viðtækustum grunni í leikskólum Kópavogs. Jafnréttisstefna nær til námskrár leikskóla Kópavogs, starfsmannastefnu og samvinnu við foreldra.

Gengið er út frá eftirfarandi grundvallaratriðum:

1. Samstaða og jákvæð samskipti/samvinna kynja er leið til jafnréttis
2. Stúlkur og drengir eiga sama rétt og hafa sömu skyldur
3. Karlar og konur eiga sama rétt og hafa sömu skyldur

Jafnréttisstefnan á við um börn, foreldra og starfsfólk

Börn og nám þeirra

Í leikskólum Kópavogs:

Skal mæta þörfum sérhvers barns óháð kyni. Tryggja ber að drengir og stúlkur hafi sama rétt, fái sama viðmót og njóti sömu hvatningar og örvunar til að taka þátt í öllum þeim viðfangsefnum sem leikskólinn býður upp á

Skal stuðla að vináttu, samleik og jákvæðum samskiptum stúlkna og drengja

Skal stuðlað að því viðhorfi að eðlilegt sé að bæði drengir og stúlkur leiki sér með allt leikefni og taki þátt í öllum leikjum

Skal unnið gegn þeirri tilhneigingu að skipta veröldinni upp í drengi/karla og stúlkur/konur

Skal leitast við að tryggja að börnin upplifi að bæði karlar og konur starfi í leikskólum og að bæði kyn vinni þar hin ýmsu verk

Skal leitast við að tala ókynbundið til barnanna, nota heldur orðið börn eða krakkar en stúlkur og drengir. Varast ber að nota hugtök sem upphefja eða niðurlægja annað kynið.

Skal stuðlað að því að börn upplifi það eðlilegt að bæði kyn vinni hin ýmsu störf í samfélaginu og innan heimilanna

Skal þess gætt að ýta ekki undir staðalímyndir og að jafnvægi sé á milli þeirra kynjafyrirmynda og hugmynda sem birtast í textum og bókum

Skal leitast við að hafa sem jafnasta kynjaskiptingu á deildum

Foreldrar

Í leikskólum Kópavogs:

Skal gæta þess að beina samskiptum að og orðum til bæði fedra og mæðra, hvort sem þau eru í sambúð eða ekki.

Skulu feður og mæður hvött til að taka þátt í foreldrasamstarfi

Starfsmenn

Í leikskólum Kópavogs:

Skal stuðlað að því að þar starfi karlar jafnt og konur og að verkaskipting sé ekki kynbundin.

Skulu auglýsingar eftir starfsfólki vera ókynbundnar. Eru karlar í minnihluta og skulu þeir því ganga fyrir um ráðningar í störf séu umsækjendur jafnhæfir.

Er ætlast til þess að feður jafnt og mæður taki á sig fjarveru frá vinnu vegna eigin barna.

Skal vera á verði gagnvart því sem starfsmaður, karl eða kona getur skynjað sem kynferðislegt áreiti.

Skal temja sér orðfæri sem höfðar jafnt til beggja kynja.

Skal stuðlað að umræðum um jafnréttismál og unnið gegn því að litið sé á störf í leikskólunum sem kvennastörf.

Fylgiskjal 2

Gátlisti fyrir leikskólakennara vegna jafnréttis í leikskólum.

Til umhugsunar og umræðu

Myndir og upplýsingar á veggjum:

- Erú konur og karlar sýnd sem staðlaðar kynímyndir?
- Erú konur og karlar sýnd sem virkir þátttakendur en ekki aðeins í bakgrunni?
- Erú karlar og konur sýnd jafnt í hinum ýmsu störfum?
- Erú verk drengja og stúlkna jafn rétt há og jafnáberandi á veggjum?

Bækur og textar:

- Erú kynímyndir staðlaðar í sögum/bókum/textum sem lesnar eru fyrir börnin?
- Er jafnvægis milli kynja gætt í þeim fyrirmyndum sem birtast t.d. í bókum og söngum (t.d. að bæði feður og mæður búi til mat og prinsar og prinsessur bjargi hvort öðru)
- Erú lesnar bækur/sögur/textar þar sem karlar og/eða konur eru í óhefðbundnum kynhlutverkum?
- Er fjallað í bókum/sögum/textum um vináttu og leik stúlkna og drengja?
- Sýna bækur og textar jákvæða mynd bæði af konum og körlum.

Skipulagning húsnæðis og dagsins:

- Er þess gætt að stelpur og strákar hafi tækifæri til að leika sér og vinna saman og mynda vináttutengsl?
- Höfðar leikfangakostur leikskólans til beggja kynja?

Samskipti og framkoma við börn:

- Er talað á sama hátt til stelpna og stráka?
- Er oft talað til “stráka” og “stelpna” eða er talað til barna?
- Erú strákar ávarpaðir með nafni (sem einstaklingur) og stelpur sem hópur? (“Hvað heldur þú Sigurður?” “En þú Helgi?” “Hvað segið þið stelpur?”)
- Er tekið á því ef annað kynið yfirgnæfir hitt t.d. við ákveðnar aðstæður?
- Er tekið á því ef annað kynið þjónar hinu um of eða sýnir undirgefni?
- Fá stelpur og strákar jafn mikla hvatningu fyrir bæði “hörð” og “mjúk” verkefni og leiki?
- Er hvatt til þess að drengir og stúlkur séu jafn hjálpsöm hvort við annað?
- Er ólíkt tekið á stúlkum og drengjum varðandi yfirgangsemi eða hlédrægni?
- Fá stelpur og strákar jafn mikla hvatningu varðandi snyrtimennsku og tiltekt?
- Fá stelpur og strákar álíka mikla athygli?
- Erú stelpur og strákar á móta virk t.d. í umræðum?
- Fá stelpur og strákar á móta gagnrýni og eru gerðar eins kröfur til þeirra?
- Er notað málfar sem upphefur eða niðurlægir annað kynið? (s.s. “dregilegur”, “kerlingarbækur”, “að skipta bróðurlega, stelpustrákur, strákastelpa” o.s.frv.)

Foreldrasamstarf:

- Er hringt jafn oft í feður og mæður varðandi börnin t.d. ef þau veikjast í leikskólanum?
- Fá feður og mæður jafn mikla hvatningu til að mæta á foreldrafundi/foreldraviðtöl eða taka þátt í öðru því sem ætlað er foreldrum?
- Fá feður og mæður jafna hvatningu til að taka setu í foreldraráði/stjórn
- Höfða auglýsingar og upplýsingar til foreldra jafnt til fedra og mæðra?